


Varðar:Ofanleiti 2 – LED skilti

Skoðað var erindi sem vísað var frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 14. febrúar 2023 þar sem sótt er um leyfi til að breyta tegund skiltis, þ.e. koma fyrir LED skilti, 6,6 m x 6,4 m að stærð, á vesturhlið húss, matshluta nr. 01, á lóð nr. 2 við Ofanleiti.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



hluti deiliskipulags



kort

Skipulag: Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin á miðsvæði M8 Kringlan-Listabraut. Í gildi er heildarskipulag svæðisins samþ. 21. maí 2002. Árið 2013 var samþykkt breyting fyrir lóðina Ofanleitis 2 vegna gerðar byggingareits fyrir hjólagæymslu.

Umsóknin: Óskað er eftir að breyta gerð skiltis og setja 42 m² LED skilti á húsvegg til vesturs



Í gildi er Samþykkt um skilti í Reykjavík maí 2020, þar segir m.a.:

(https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/samthykkt_um_skilti_mai_2020_-_endanleg_utgafa_a_vef.pdf)

„Markmið þessarar samþykktar eru m.a.:

1. Að skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar.
2. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.
3. Að auðvelda afgreiðslu byggingarleyfisumsókna um skilti þegar það á við.

Umhverfi og ásýnd borgarinnar

Til þess að skilti spilli ekki umhverfi og ásýnd borgarinnar eru sett ákvæði um stærðir og fjölda þeirra í borgarlandi og á lóðum. Jafnframt er kveðið á um að skilti falli vel að umhverfinu.

Íbúar

Í reglunum eru ákvæði um grenndarrétt, þ.e. að í íbúðarbyggð skulu ekki vera upplýsinga- eða auglýsingaskilti sem hafi truflandi áhrif svo sem vegna stærðar, ljóma eða ásýndar. Íbúum skal einnig vera grenndarkynnt byggingarleyfi fyrir skilti þegar heimild er ekki til staðar í deiliskipulagi.

- Skilti skulu ávalt vera í samræmi við gildandi skipulag. Í deiliskipulagi er heimilað að takmarka notkun skilta enn frekar eða veita rýmri heimildir en það sem reglur þessar kveða á um.“
- Hámarks leyfileg stærð veggspjalda á miðsvæðum er 4 m² samkvæmt reglunum.
- Gera þarf grein fyrir ljóma stafrænna skilta og fleira.

Niðurstaða: Umsóknin samræmist ekki deiliskipulagi þar sem ekki er sérstök heimild í því fyrir skilti/skiltum á mannvirkjum eða lóðinni. Skiltið er einnig stærra en heimilt er samkvæmt samþykkt borgarinnar þar um og krafa er um að gerð sé grein fyrir gerð og umhverfisáhrifum skiltisins.

f.h.

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Lilja Grétarsdóttir arkitekt, verkefnastjóri